



*Félags háskólakennara*

**8. fundur stjórnar 2015/2016 haldinn þriðjudaginn 17. nóvember kl. 2015 í Bændahöllinni, kl. 12:00.**

**Fundinn sátu: Jörundur Guðmundsson, Baldvin Zarióh, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Helgi Áss Grétarsson og Michael Dal. Berglind Rós Magnúsdóttir, og Ármann Höskuldsson boðuðu forföll. Helga Birna Ingimundardóttir ritaði fundargerð.**

Fyrir fundinn var engin formleg dagskrá.

### **Kjarasamningur undirritaður 16. nóvember 2015**

Að kvöldi dags þann 16. nóvember 2015 var skrifað undir nýjan kjarasamning Félags háskólakennara annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar. Helstu atriði eru:

- i. Gildistíminn er frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019.
- ii. Launahækkunar á tímabilinu eru 23,16% að meðaltali.
- iii. Ný akademísk launatafla.
- iv. Gerðardómstafla BHM fyrir starfsfólk í stjórnsýslustörfum.
- v. Eingreiðsla í lok samningstímans.
- vi. Persónu- og desemberuppbætur.
- vii. Samningsforsendur.
- viii. Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara (SFH).

Þá hefur einnig verið undirritaður stofnanasamningur milli félagsins annars vegar og HÍ hins vegar, dags. 17. nóvember, um forsendur vörpunar í nýja akademíska launatöflu. Unnið verður að gerð sambærilegra stofnanasamninga við stofnanir þar sem akademískir félagsmenn félagsins starfa.

Kynning á nýjum kjarasamningi er áætluð miðvikudaginn 18. nóvember nk. og atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning, hefst strax í kjölfarið og stendur til kl. 12.00 á mánudeginum 23. nóvember nk. Mikilvægt er að hafa hraðar hendur því hægt er að greiða eftir nýjum kjarasamningi 1. desember nk., hafi félagið samþykkt hann fyrir kl. 16:00 mánudaginn 23. nóvember nk.

Stjórnarmenn lýstu ánægju sinni með undirritaðan kjarasamning og styðja samningsgerðina og samþykkja samninginn fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert.  
Fundi lauk 13:15

